

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um fjármál trúfélaga og lífsskoðunarfélaga.

1. *Hvernig er eftirliti með fjármálum trúfélaga og lífsskoðunarfélaga háttað samkvæmt lögum um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög, nr. 108/1999?*

Í tilefni af fyrirspurninni aflaði ráðuneytið upplýsinga frá sýslumannsembættinu á Norðurlandi eystra sem hefur annast skráningu trúfélaga og lífsskoðunarfélaga frá 1. febrúar 2014 og fer að öðru leyti með verkefni sem sýslumanni eru falin í lögum nr. 108/1999, um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.

Samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög, nr. 108/1999, ber trúfélagi eða lífsskoðunarfélagi sem óskar skráningar að senda sýslumanni lög félagsins og allar aðrar reglur sem kunna að gilda um ráðstöfun fjármuna félagsins. Í 5. gr. laganna er fjallað um eftirlit með skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum. Samkvæmt því ákvæði skulu félögin fyrir lok marsmánaðar ár hvert senda sýslumanni skýrslu um starfsemi sína á næstliðnu ári og jafnframt gera grein fyrir öllum breytingum sem orðið hafa á þeim atriðum sem ber að veita upplýsingar um þegar sótt er um skráningu. Sérstaklega er tekið fram að gera skuli grein fyrir því hvernig ráðstöfun fjármuna hefur verið háttað. Í framkvæmd hefur þetta eftirlit farið fram með þeim hætti að á vef sýslumanna er að finna eyðublað þar sem fylla ber út einfaldar upplýsingar um fjárreiður síðasta árs. Ekki er skylt að skila upplýsingunum á þessu eyðublaði en skylt er að veita upplýsingarnar. Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanni eru félög þau sem um ræðir afar ólík hvað varðar fjölda félaga, starfsemi og umfang. Stærri félögin hafi sum hver skilað inn ársreikningum árituðum af endurskoðanda á meðan þau minni skili inn lágmarksupplýsingum. Gögnin eru yfirfarin og ef verulegar breytingar verða á milli ára eða ef einhverjir liðir þarfnast nánari skýringar er félögunum send fyrirspurn. Næsta fátítt er að sögn sýslumanns að reikningar skýri sig ekki að mestu sjálfir.

2. *Hversu tíð voru sein skil og vanskil af hálfu trúfélaga og lífsskoðunarfélaga á skýrslum um starfsemi skv. 5. gr. sömu laga á árabílinu 2013–2018?*

Þegar sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra tók við skráningu og eftirliti með skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum, hinn 1. febrúar 2014, var öllum skráðum félögum sent eyðublað til útfyllingar á árunum 2014 og 2015 og minnt á skyldu þeirra til að skila fyrrgreindum upplýsingum, auk þess sem gengið var nokkuð eftir því að upplýsingarnar bærust. Leiddi það til þess að skil á skýrslum voru nær 100%. Á árunum 2016–2018 var félögunum ekki sent bréf til að minna á skil á skýrslum og dró þá töluvert úr skýrsluskilum. Ef félag sendir ekki skýrslu og óskar ekki eftir rökstuddum fresti til að skila er gengið eftir því að það sé gert. Alla jafna er skýrslum skilað eftir að áminning berst. Í mörgum tilvikum verða þó verulegar tafir á því að skýrslum sé skilað þar sem ársuppgjör eru oft á tíðum ekki tilbúin fyrir en síðla árs, en senda skal sýslumanni skýrslu fyrir lok marsmánaðar ár hvert.

3. *Telur ráðherra rétt að herða viðurlög við því að trúfélög og lífsskoðunarfélög skili ekki eða vanræki að skila skýrslu um starfsemi á tilsettum tíma?*

Samkvæmt 6. gr. laga um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög, nr. 108/1999, skal sýslumaður veita skráðu trúfélagi eða lífsskoðunarfélagi, sem ekki uppfyllir lengur skilyrði fyrir skráningu félags eða vanrækir skyldur sínar samkvæmt lögum, skriflega viðvörum og setja því frest til að bæta úr því sem áfátt er. Ef ekki er bætt úr því innan tiltekins frests getur sýslumaður ákveðið að fella skráningu félags úr gildi, en áður en það er gert skal gefa stjórn félags kost á að tjá sig um málið. Önnur úrræði hefur sýslumaður ekki.

Þar sem skráning trúfélags eða lífsskoðunarfélags hefur í för með sér tiltekin lögbundin réttindi og skyldur fyrir slík félög, þar á meðal rétt til hlutdeildar í álögðum tekjuskatti í formi sóknargjalda, telur ráðherra koma til álita að gera ríkari kröfur um skil á skýrslum og herða viðurlög sé þeirri skyldu ekki sinnt. Vísast hér einnig til svars við 4. tölul. fyrirspurnarinnar.

4. *Telur ráðherra rétt að gera kröfur um frekari upplýsingar í skýrslum um starfsemi trúfélaga og lífsskoðunarfélaga með tilliti til fjárhagsfélaganna og ráðstöfunar fjármuna þeirra? Kemur til greina að skylda slík félög til að skila ársreikningum í samræmi við lög um ársreikninga, nr. 3/2006?*

Ísland hefur verið í samstarfi við alþjóðlegan aðgerðahóp gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (e. Financial Action Task Force, FATF) frá árinu 1991. Með aðild sinni að FATF skuldbatt Ísland sig til að samræma löggjöf sína tilmælum aðgerðahópsins. Í nýlegu áhættumati, sem ríkislögreglustjóri hefur unnið um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og byggt er á úttekt aðgerðahópsins á stöðu varna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hér á landi, kemur m.a. fram að veikleikar séu í umgjörð, löggjöf og eftirliti með skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum. Þeir lúta einkum að ófullnægjandi ákvæðum um hæfi fyrirvarsmanna félaganna, bókhaldi þeirra og fjárreiðum. Í áhættumatinu segir að með tilliti til þessa þyrfti að endurskoða lög nr. 108/1999, um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög, og huga að heimildum eftirlitsaðila til þess að sinna eftirliti og knýja á um úrbætur gefist tilefni til. Með hliðsjón af þeim ábendingum verður að líta svo á að tilefni sé til að huga að endurskoðun laga um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög, þar á meðal endurskoðun ákvæða um skýrslugjöf félaganna til eftirlitsaðila og upplýsingar um fjárhag þeirra og ráðstöfun fjármuna. Hvort skylda beri skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög til að skila ársreikningum í samræmi við lög nr. 3/2006, um ársreikninga, hefur ekki komið til álita, en yrði tekið til athugunar verði löggin endurskoðuð.